

Breytingartillögur

við frv. til l. um að lögleiða ólympíska hnefaleika.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SAB, ÞKG, EMS, SI, KÓ, KHG, MS).

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „ólympískum hnefaleikum“ og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi í viðeigandi falli: áhugamannahnefaleikar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Heimil er sala og notkun hnefaleikahanska og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar áhugamannahnefaleika.
3. Við 3. gr. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Við samningu reglnanna skal leitast við að taka mið af ýtrustu öryggisreglum í nágrannalöndum.
4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um áhugamannahnefaleika.